

2. fundur Beta deildar starfsveturinn 2022-2023

Fundur haldinn þriðjudaginn 1. nóvember kl. 19:00 í Brekkuskóla

Fundarliðir stjórnar

Formaður býður félagskonur velkomnar og býður Rósu Júlíusdóttur að kveikja á kertum. Kveðjur eru fluttar frá konum sem boðuðu forföll.

Formaður býður Sigrúnu Aðalgeirsdóttur að fara með orð til umhugsunar. Sigrún segir frá nýafstaðinni Berlínarferð með nemendum í þýskuáfanga í MA. Hún fer yfir skipulag og tilurð ferðarinnar.

Eftir hugvekjuna er bent á að hér áður hafi oft verið sagt frá störfum kvenna í deildinni sem hafi einmitt verið mjög skemmtilegt.

Að loknu orði til umhugsunar tekur Sigríður Magnúsdóttir við fundarstjórn fyrir hönd undirbúningshóps.

Síðasta fundargerð – SRJ les efnismikla og afar langa fundargerð sem er samþykkt eftir athugasemdir.

Erindi frá stjórn

Vetrardagskrá – formaður bendir á prentaða vetrardagskrá sem liggur frammi og bendir konum að grípa með sér eintak.

Jólafundur – fram kemur að formenn deilda hafi rætt saman, þ.e. Guðbjörg í Nýdeild og Kristín Irene í Mýdeild. Ljóst er jólafundurinn verður fimmtudaginn 24. nóvember nk. á Kaffi lyst í Lystigarðinum. Dagskráin er í vinnslu og mun fundarboð koma fljótlega, bæði rafrænt og í tölvupósti. Fundurinn hefst kl. 19.00.

Styrkir – fram kemur að ekki sé opið fyrir styrki núna.

Formleg formannsskipti – Hildur Hauksdóttir, fráfarandi formaður fær orðið og afhendir hún Aðalbjörgu Bragadóttur formlega formannsnæluna.

Stórafmæli – nokkrar konur hafa átt stórafmæli og fær Hildur aftur orðið og kallar upp eftirfarandi konur:

Selma átti afmæli í okóber sl. og varð 60 ára – Hildur segir hvað gerðist þennan miðvikudag 17. október 1962 skv. Morgunblaðinu og fleiri blöðum. Selma fær rauða rós og afmælisgjöf sem eru hundrað skammtar af bóluefni sem vernda börn gegn mænusótt.

Laufey átti afmæli 7. júlí sl. og varð einnig 60 ára – Hildur hefur sama háttinn á og les upp úr blöðum frá afmælisárinu. Laufey fær rós og afmælisgjöf sem er 100 skammtar af jarðhnetumauki, vítamínbætt fyrir vannærð börn.

Aðalbjörg átti afmæli 7. júlí og varð 40 ára – Hildur heldur enn áfram og les úr blöðunum þá atburðir sem stóðu hæst þennan dag. Aðalbjörg fær rós og afmælisgjöf sem er sönn gjöf – neyðaraðstoð fyrir börn í Úkraínu. Allt eru þetta UNICEF gjafir.

Tekin er mynd af öllum flottu afmælskonum. Ein félagskona til viðbótar átti stórafmæli á árinu, Helena Sigurðardóttir, sem varð fimmtug 6. nóvember en hún var fjarverandi.

2. fundur Beta deildar starfsveturinn 2022-2023

Happdrætti – happdrætti fer fram með óhefðbundnum hætti, notaður er sími og kemur talan 6 upp og er það Jóhanna S. Þorsteinsdóttir sem hlýtur vinninginn.

Gestur – Hrund Hlöðversdóttir, skólastjóri Hrafnagilsskóla, rithöfundur, tónlistarkona o.fl. heldur erindi. Hún þakkar fyrir að fá að koma. Hrund er Akureyringur, hún er kennari og varð skólastjóri snemma á starfsferlinum. Það blundaði alltaf í henni að skrifa og hefur hún skrifað nokkrar námsbækur. Í kringum 2015 kafar hún í þjóðsögur og 2016 er hún búin að kynna sé allar þjóðsögurnar og var að hugsa um að nútímavæða þær en í staðinn skrifar hún um ævintýraheim, um álfa og drauga fyrir unglinga. Sögurnar eru um Svandísi sem er 16 ára. Söguviðið er undir Hraundranga og Hraunsvatni. Íris Auður, mágkona Hrundar, handmálar kápur. Tvær bækur eru útgefnar. Hrund er með heimasíðuna, www.hrund.net og þar er umfjöllun um allar bækurnar hennar, bæði skáldsögurnar og námsbækurnar. Hrund les upp úr annarri bókinni um Svandísi. Bækurnar eru hugsaðar fyrir 11 til 12 ára börn/unglinga. Kennsluleiðbeiningar fylgja bókunum. Þriðja bókin er á leiðinni, þrileikur.

Hrund er einnig tónlistarkona og syngur og spilar á harmonikku fyrir félagskonur. Hún lærði á píanó sem barn og fór í söngnám sem unglingur. Hrund spilar og syngur þrjú lög og í lokin eru sungin tvö lög þar sem félagskonur taka vel undir. Hrund útsetur lögin sín sjálf. Lögin sem voru sungin: *Gull og gimsteinar*, *Við gengum tvö*, *Sumar við sæinn*. Söngur með félagskonum: Vikivaki og Vor í Vaglaskógi.

Kaffiveitingar

Önnur mál

- Heldri deildin

Þorgerður tekur máls og ræðir að „heldri“ konur séu að hittast síðasta mánudag í mánuðinum og vilja þær bjóða konum sem eru lausar við á þessum tíma að vera með. Yngri konur eru velkomnar ekki sé einungis um að ræða „heldri“ konur. Þorgerður ræðir að mikilvægt sé að rækta vináttuna. Upplýsingar um fundina verða setta inn á Fésbókina.

- Nýjar konur

Rætt er hvort nýja konur í deildinni ættu ekki að vera á netfangalistanum svo þær fái boð á sama tíma og eldri félagskonur. Það þykir sjálfsagt og er rætt að stefnt sé á að taka nýjar konur inn formlega um næstu áramót. Einnig er rætt mikilvægi þess að halda áfram að fjölga í deildinni og bent á fyrirmæli frá Landsstjórn um að taka inn tvær eða fleiri nýjar konur á þessu ári/misseri. Umræða verður um reglur varðandi inngöngu í deildina. Rætt er að Betadeild sé nokkuð vel stödd en sumar deildir á landinu þurfa frekar á endurnýjun að halda en aðrar. Bent er á útbreiðslunefnd sem starfar í deildinni, en það eru þær Jóhanna, Sigríður og Fríða. Fram kemur að um 30 konur séu nú skráðar sem félagar. Bent er á að mögulegt sé að finna lausnir á húsnæðisvanda með því að leigja sal.

- Afmæli Betadeildar – hugmyndir

Rætt er hvort ákveða eigi tíma eða senda stjórn uppástungur um dagsetningar fyrir afmælisgleði. Í framhaldinu er rætt hvort stofna eigi afmælisnefnd og stefna að því gera eitthvað skemmtilegt á starfsárinu. Vilji er til að halda þeirri skemmtilegu hefð að heiðra konu. Þá er því velt upp hvort „heldri“ konur geti velt þessu fyrir sér á fundi. Fram kemur að listi er til yfir konur sem þegar hafa verið heiðraðar, það er skemmtileg hefð sem átti að vera á fimm ára fresti. Rætt er að kjósa nefnd og er óskað eftir framboði, Þorgerður, Eygló, Fríða og Ella bjóða

2. fundur Beta deildar starfsveturinn 2022-2023

sig fram og eru samþykktar og munu verða í sambandi við stjórn sem kemur með tillögu um ferð í vor. Nefndinni er gefið gott klapp.

Sigríður Magnúsdóttir, fundarstjóri, þakkar fyrir fundinn og biður Rósu Júlíusdóttur að slökkva á kertunum. Minnt er á jólafundinn 24. nóvember í Lystigarðinum.

Fundi slitið og fleira ekki rætt/ SRJ